

**Nd.**

**188. Frumvarp til laga**

um bæjarstjórn á Akranesi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Akraneskaupstúrn skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er: Úr Kalmansvíkursandi syðst, sjónhending að vegamótum Innes- og Kirkjugarðsvegur austan við Jaðarstún, þaðan sjónhending í Merkjaklökk á Langasandi.

4. gr.

Bæjarfógetinn á Akranesi hefur sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsg. laga nr. 71 28. nóv. 1919, og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kys bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjar-sjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kys sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmaet ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafumörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarskóp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verk-

svið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

#### 9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

#### 10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvænna og sáttanefndarmanna.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá er í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkv. byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkv. lögum um hafnargerð á Akranesi.

#### 13. gr.

Bæjarstjórn, og bæjarstjóri sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

#### 14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldið hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir.

#### 15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmat gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á þænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsoðn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

### 23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1942. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

#### Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Akraness hins vegar gera með sér samning um skipti á eignum og skuldum sýslunnar, svo og ábyrgðar-skuldbindingum. Rísi nokkur ágreiningur um þau skipti, sker stjórnarráðið úr.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Í bréfi, sem mér barst frá oddvita hreppsnefndarinnar um þetta efni, dags. 1. þ. m., segir svo:

„Á fundi hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps þann 31. marz þ. á. kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Samkvæmt atkvæðagreiðslu, er fram fór þann 30. marz síðastl., þar sem 90% greiddra atkvæða samþykktu, að hreppurinn leitaði til Alþingis um bæjarréttindi, samþykkir hreppsnefndin að fela þingmanni kjördæmisins að flytja þetta mál á Alþingi og leggja áherzlu á, að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, enda geri hreppsnefndin nú þegar allan undirbúning, er þarf og í hennar valdi stendur.“

Tillaga þessi var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur, fleiri voru ekki á fundi.“

Þess er getið í bréfinu, að þeir, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni, hafi gert þá grein fyrir sinni afstöðu, að þeim þætti þátttaka hreppsþúa í atkvæðagreiðslunni of lítil. Þá segir oddvitinn enn fremur:

„Í sambandi við framanskráða fundarsamþykkt vil ég svo skýra gang málsins, eins og hann er samkvæmt bókum hreppsins.

Á hreppsnefndarfundi þann 1. febr. síðastl. var kosin þriggja manna nefnd, er rannsaka skyldi og koma fram með álit sitt um það, hvort tímabært teldist fyrir Akranes að biðja um bæjarréttindi. Á hreppsnefndarfundi þann 17. marz síðastl. kom þessi nefnd fram með álit sitt, og var þá samþykkt, að almennur borgarafundur skyldi haldinn um málið og að honum loknum almenn skrifleg atkvæðagreiðsla. Borgarafundur þessi var svo haldinn þann 20. sama mánaðar, og mættu þar um 60 manns. Var þar lesið nefndarálitið, en annars urðu um málið fremur litlar umræður, aðeins þrír menn tóku til máls, og voru þeir allir fylgjandi bæjarréttindunum. Þann 30. marz var svo almenn atkvæðagreiðsla viðhöfð skriflega, og greiddu 262 menn atkvæði af 1049, sem voru á kjörskrá. Atkvæðagreiðslan fór þannig, að 228 sögðu já, 33 sögðu nei, einn seðill var auður.“

Síðan þetta gerðist, hefur verið haldinn aukasýslufundur í Borgarfjarðarsýslu um málið, og varð á þeim fundi samkomulag milli sýslunefndar og fulltrúa frá hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, sem mættu á fundinum, um aðalatriðin í fjárskiptum Ytri-Akraneshrepps og sýslunnar. Útskrift úr fundarbók sýslunnar um þetta efni hefur mér enn ekki borizt, en ég mun afhenda hana nefnd þeirri, er fær málið til meðferðar, þegar hún kemur.

Á Akranesi eru nú um 2000 íbúar, og hefur fólki fjölgað þar allört á undanfórnum árum. Síðan 1929 hefur verið lögreglustjóri á Akranesi, sem meðal annars hefur haft á hendi lögreglustörf og innheimtu á tekjum ríkissjóðs á staðnum.

Ég hef sent hreppsnefndinni frv. þetta til athugunar, og í bréfi, dags. 16. þ. m., telur oddvitinn, að hún samþykki það eins og það liggur fyrir.